

**Mál nr. 236/2016****M og  
váttryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við gatnamót Dalveggar og Nýbýlaveggar 15. júní 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.7.2016

Bréf V1, dags. 19.8.2016, ásamt mynd af gatnamótum Dalveggar og Nýbýlaveggar og úrskurði nefndarinnar í máli nr. 121/2010.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A leitaði til lögreglu og lýsti árekstri við bifreið B á gatnamótum Dalveggar og Nýbýlaveggar. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið kyrrstæð á gatnamótunum þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst einnig hafa verið kyrrstæður á gatnamótunum þegar bifreið A hafi verið ekið aftur á bak á bifreið B. Ökumönnum ber ekki alveg saman um þau samskipti sem áttu sér stað eftir áreksturinn en ökumaður bifreiðar A segir að bifreið B hafi verið ekið áfram en ökumaður bifreiðar B segir að kannað hafi verið með skemmdir, en þær hafi ekki verið neinar og ökumenn því haldið áfram för sinni. Farþegar í bifreið A bera um atvik eins og ökumaður bifreiðar A og farþegi í bifreið B ber um atvik eins og ökumaður bifreiðar B.

V1 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B, sem hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða og sýnt sé að hann hafi ekið aftan á bifreið A.

**Álit.**

Ágreiningur málsins snýr að því hvort sannað sé að atburðarás fyrir árekstur milli bifreiða A og B hafi verið þannig að bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A eða að bifreið A hafi verið ekið aftur á bak á bifreið B. Ökumenn bera báðir um að bifreiðar þeirra hafi verið kyrrstæðar fyrir áreksturinn. Verða vitni í hvorri bifreiðinni talin það tengd ökumönnum að framburður þeirra hafi afgerandi áhrif á sönnunarstöðu í málinu. Það sem liggur því fyrir er hvort annar ökumanna verður að bera hallann af þeirri sönnunarstöðu sem er uppi í málinu, þar sem hvor ökumanna ber hinn sökum um að hafa ekið á bifreið sína. Þegar aðstæður eru skoðaðar á þeim gatnamótum sem áreksturinn varð verður ekki séð að á þeim sé slíkur halli að augljós hætta sé á að kyrrstæðar bifreiðar renni aftur á bak. Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að sá sem ekur á eftir öðru ökutæki skuli gæta þess að vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið, sem á undan fer stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Sérstök varúðarskylda hvíldi því á ökumanni bifreiðar B að hafa nægilegt bil á milli bifreiða. Við sönnunarmat telst ekki nægilega sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið aftur á bak í greint sinn, þó sérstök varúðarskylda hvíli einnig á þeim sem það gerir, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af atvikum öllum verður því hallinn af sönnunarskorti lagður á ökumann bifreiðar B að hafa ekki gætt þess að hafa nægilegt bil milli bifreiða og ber hann því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.